

78

20. júlí

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar
frá 24. janúar 1930.

Í stað 10 í 1. gr. samþykktarinnar komi 9.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir gert samkvæmt lögum nr. 67, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929, er hér með staðfest til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

79

27. júlí

R E G L U G E R Ð

um sláturhús og frystihús.

Samkvæmt lögum nr. 39, 19. júní 1933 eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Fénaði sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið fryst eða kælt á erlendan markað, má aðeins slátra í löggiltum sláturhúsum og frýsting eða kæling kjötsins aðeins fara fram í löggiltum frystihúsum.

2. gr.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi umdæmi, sláturhús og frystihús, þar sem fé er slátrað til útflutnings á kjöti þess, frystu eða kældu, ef húsin eru þannig gerð og útbúin, sem segir í reglugerð þessari, svo að telja megí öruggt að hægt sé þess vegna að fullnægja ýtrustu heilbrigðiskröfum og hreinlæti. Hverri umsókn um löggildingu skal fylgja nákvæm lýsing á húsinu. Heldur ráðuneytið skrá yfir hús þessi og skulu þau tölusett í þeirri röð, sem þau eru löggilt, sláturhús með sérstakri talnaröð og frystihús með annari röð fyrir sig. Halda húsin skrásetningartölu sinni meðan þeim er haldið við til þeirrar notkunar, sem þeim var ætluð er þau voru skráð.